



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA
2025–2029

Áherslur fyrir Uppbyggingarsjóð

Framtíðarsýn Norðurlands eystra

Á Norðurlandi eystra verði sterk samfélög sem byggjast á traustum innviðum og öflugri grunnþjónustu sem styður við byggð í sveit, bæ og borg. Blómlegar byggðir sem byggjast á sjálfbærri og fjölbreyttri atvinnustarfsemi og ríku menningarlífi einkenna landshlutann. Aukin áhersla á lýðheilsu og nálægð við náttúruna hefur gert landshlutann enn eftirsóknarverðari til búsetu og hefur aukið lífsgæði og hamingju íbúa.

Með samstilltu átaki hefur Norðurland eystra náð eftirtektarverðum árangri í umhverfismálum þar sem nýsköpun og grænar lausnir hafa stuðlað að fjölbreyttum tækifærum.



Atvinnulíf

Markmiðið er að í landshlutanum verði fjölbreytt og framsækið atvinnulíf með áherslu á nýsköpun

Áherslur

- Stuðningur við vinnuklasa þar sem hægt er að tryggja aðstöðu fyrir óstaðbundin störf og störf með staðsetningu
- Vinna að áframhaldandi eflingu þekkingarsamfélags með áherslu á tengingu atvinnulífs og menntastofnana
- Taka þátt í og styðja við vöru-/þróunarverkefni í fjölbreyttum greinum
- Stuðningur við staðbundna framleiðslu, þjónustu og vörur úr héraði
- Styðja við nýsköpunarsmiðjur og nýsköpunarverkefni fyrir fjölbreytta hópa

Dæmi um verkefni

- Markaðssetja svæðið/sveitarfélög sem búsetukost á forsendum hvers sveitarfélags
- Tryggja áframhaldandi starf Norðanáttar og stuðning við frumkvöðla með fræðslu, hröðlum og fjárfestahátíð
- Áframhaldandi fjárfestingarverkefni innan SSNE þar sem fjárfestingatækifæri eru greind og markaðssett
- Uppfærsla á innviðagreiningu á Norðurlandi eystra, invest.northeast.is



Blómlegar byggðir

Markmiðið er að í landshlutanum verði sterk og umburðarlynd samfélög með öflugu menningarlífi

Áherslur

- Þróa samfélagsmiðstöðvar með því að nýta fjölbreytt húsnæði sem samkomustaði til að virkja ólíka hópa
- Stuðningur við ýmis lýðheilsuverkefni, t.d. verkefni sem tengja saman náttúru, hreyfingu og útivist
- Styðja við fjölbreytta menningarviðburði og listsköpun í öllum landshlutanum
- Styðja við viðburði sem ýta undir þátttöku ólíkra og fjölbreyttra hópa
- Styðja við nýsköpun á sviði heilbrigðismála og farsældar

Dæmi um verkefni

- Áframhaldandi þróun á ungmennapingi sem eflir lýðræði og styrkir ungt fólk
- Áframhaldandi stuðningur við barnamenningarverkefni
- Efla fjölbreytta viðburði og verkefni fyrir nýbúa á svæðinu, m.a. í gegnum Fjölmeningarráð Norðurlands eystra
- Menningarbyggð Norðurlands eystra í samstarfi við sveitarfélögin



Umhverfismál

Markmiðið er að Norðurland eystra verði leiðandi landshluti í umhverfis- og loftlagsmálum á heimsvísu

Áherslur

- Unnið verði markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innan landshlutans
- Auka áherslu á orkuskipti landshlutans og bætta nýtingu orkuauðlinda
- Efla hringrás lífrænna næringaefna
- Hlúa að líffræðilegri fjölbreytni
- Stuðningur við fjölbreytt samfélagsleg verkefni sem draga úr sóun
- Stuðningur við fræðsluverkefni í umhverfis- og loftlagsmálum

Dæmi um verkefni

- Unnin verði aðgerðaáætlun í tengslum við skýrsluna „Kolefnisspor Norðurlands eystra 2022“ sem m.a. felur í sér aðgerðir í bættri landnýtingu, eflingu hringrásar á lífrænum úrgangi og virkum ferðamátum
- Gerð verði sameiginleg loftslagsstefna og skoðaðar lausnir til að gera sameiginlegt loftslagsbókhald fyrir Norðurland eystra
- Áframhaldandi stuðningur við uppbyggingu líforkuvers sem vinnur verðmæti úr lífrænum straumum
- Orkuskipti í dreifðum byggðum – RECET
- LOFTUM – fræðsluverkefni í umhverfis- og loftlagsmálum